

Skýrsla sumarstarfsmanna í samfélagslegri nýsköpun

Þjónusta við innflytjendur og flóttafólk á vegum stofnanna í Laugardal og Háaleiti metin af sumarstarfsmönnum Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis

Inngangur

Í Laugardal og Háaleiti er „Velkomin verkefnið“ á byrjunarstigi og margir þættir verkefnisins ennþá í þróun. Tveir sumarstarfsmenn voru ráðnir inn vegna sumarúrræðis fyrir námsmenn sökum Covid-19 til þess að vinna í samfélagslegri nýsköpun. Þar var „Velkomin verkefnið“ helsta viðfangsefnið en þó þróaðist ferlið yfir í víðtækari greiningu og mati á stöðu innflytjenda og flóttafólks í Reykjavíkurborg. Unnið var að því að kanna hvers konar þjónustu hinar ýmsu stofnanir sem finnast innan hverfismarkna Laugardals og Háaleitis bjóða innflytjendum og flóttafólki sem flyst í hverfið og samhliða því var þróað margvíslegt efni með það að markmiði að gera aðlögun innflytjenda og flóttafólks að hverfinu sínu og íslensku samfélagi auðveldari.

Upplýsingasöfnun

Leitast var eftir því að safna upplýsingum um aðlögunarferli innflytjenda og flóttafólks í Laugardal og Háaleiti en einnig heilt yfir Ísland, til þess að geta gert betur grein fyrir því hvers konar þjónustu fólkið sækist helst eftir þegar það flytur í hverfið. Það var meðal annars fundað með félagsráðgjöfum í þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, farið í heimsókn í ýmsar stofnanir, tekið viðtal við kvótaflóttamann sem fluttist í Laugardalinn árið 2015 og innflytjanda sem fluttist í Háaleiti árið 2000 ásamt almennri rafrænni upplýsingasöfnun.

Þá var einnig farið í heimsóknir til stofnana sem taldar voru mikilvægar og / eða nytsamlegar fyrir innflytjendur og flóttafólk sem flytur í hverfið. Alls voru 10 stofnanir heimsóttar og voru þær: Borgarbókasafnið í Kringlunni, Borgarbókasafnið í Sólheimum, Knattspyrnufélagið Þróttur, Víkingur, Grensáskirkja, Rauði krossinn, The Tin Can Factory (íslenskunám), stéttarfélagið VR, Leikskólinn Vinagerði og félagsmiðstöðin Tónabær. Útbúinn var spurningarlisti fyrir hverja og eina stofnun þar sem komist var að ýmsum þáttum svo sem:

- Hvort stofnunin væri með sérstakt ferli, reglugerð eða stefnu hvað varðar þjónustu við innflytjendur og flóttafólk
- Hvort margir innflytjendur og flóttafólk nýti sér almennt þjónustu stofnunarinnar, og ef ekki þá hvers vegna
- Hvort stofnunin býður uppá sérðsniðna þjónustu fyrir innflytjendur og flóttafólk
- Hvort stofnunin sé með upplýsingar aðgengilegar á mörgum tungumálum

Skýrsla sumarstarfsmanna í samfélagslegri nýsköpun
Dimitriv Shamkuts og Kristín Olga Gunnarsdóttir

Hér fyrir neðan er samantekt fyrir hverja heimsókn sem sumarstarfsmennirnir fóru í:

Borgarbókasafnið Kringlunni

Farið var í heimsókn á Borgarbókasafnið í Kringlunni, aðstaðan og þjónustan þar var skoðuð sérstaklega út frá því hvort fólk með erlendan uppruna gæti nálgast þá aðstöðu og þjónustu. Þar kom í ljós að þar væri heimanámsaðstoð fyrir krakka í 3. - 10. bekk, sem er sérstaklega hentug fyrir krakka af erlendum uppruna. Sjálfboðaliðarnir sem sumir hverjir eru með kennaramenntun aðstoða börnin við heimanámið sitt. Það virðist vera að fáir viti af þessu úrræði þar sem oft eru fleiri sjálfboðaliðar heldur en börn sem mæta. Þarna sést vel hversu mikilvægt er að það sé tenging á milli bókasafnsins og skólanna í hverfinu til þess að börnin sem þurfa á þessu úrræði að halda viti af þessu. Heimsálfar, söguhringur kvenna og kvöldgöngur voru kynntar auk þess sem almenn aðstaða safnsins var kynnt. Tölvuaðgangur, internetaðgangur og kaffi er frítt en einnig er hægt að fá aðgengi að prentara gegn vægu gjaldi. Því er aðstaðan og þjónustan á Borgarbókasafninu í Kringlunni mjög nytsamleg og góð fyrir fólk af erlendum uppruna. Það helsta sem er ábótavant að mati sumarstarfsmanna er tengingin við skólanna og Þjónustumiðstöðina svo hægt sé að koma skilaboðunum áleiðis til þeirra sem þurfa á þjónustunni að halda. Arnfríður Jónasdóttir og Glódís Auðunsdóttir (munnleg heimild, 29. júní 2020).

Félagsmiðstöðin Tónabær

Í heimsókninni í Tónabæ komust sumarstarfsmenn að því að 23% nemenda í Álftamýrarskóla og 21% nemenda í Vogaskóla eru af erlendum uppruna. Þar með er stór hluti erlendra krakka sem hefur aðgang að félagsmiðstöðinni þar sem krakkar úr Álftamýrarskóla fara í félagsmiðstöðina í Tónabæ. Þrátt fyrir það eru fáir erlendir nemendur í nemendaráði og þeir virðast sumir hópa sig saman út frá þjóðerni eða uppruna. Forstöðumaðurinn í Tónabæ starfaði áður hjá stoðdeild Birtu og sat í fjölmeningarráði og er því meira inni í slíkum málum en forstöðumenn annarra félagsmiðstöðva. Hún fylgir erlendum nemendum á æfingar og reynir að virkja þau félagslega eftir bestu getu. Það er gríðarlega mikil og nytsamleg hjálp fólgin í því og finnst sumarstarfsmönnum að slíkt ætti að vera í stefnu og verkferli allra frístunda- og félagsmiðstöðva í Reykjavíkurborg. Það byggir á jafnræðisgrundvelli að sama gildi fyrir alla

Skýrsla sumarstarfsmanna í samfélagslegri nýsköpun
Dimitriv Shamkuts og Kristín Olga Gunnarsdóttir

14. ágúst 2020

krakka af erlendum uppruna og því er mikilvægt að krakkar sem „lenda“ annars staðar í öðrum félagsmiðstöðvum að þeir fái jafn mikinn stuðning og aðstoð. Margt af því sem kom fram í þessu viðtali höfðu sumarstarfsmenn, félagsráðgjafar Þjónustumiðstöðvarinnar og aðrir starfsmenn ekki hugmynd um. Það sýnir hversu mikilvægt það er að sameina verkferla þegar börn af erlendum uppruna flytja í hverfið, hvernig aðstoð þau fá hvað varðar skólakerfið, frístundir og félagsstörf. Ása Kristín Einarsdóttir (munnleg heimild, 1. júlí 2020).

The Tin Can Factory

Heimsóknin í The Tin Can Factory kom skemmtilega á óvart. Þar er mun meira og ýtarlegra starf unnið heldur en íslenskukennsla, þar sem menningarfræðsla og lestrarnámskeið eru einnig í boði. Lestrarnámskeiðin eru þrískipt og hentar meðal annars fyrir fólk sem hefur ekki lært að lesa og þá sem þekkja ekki vestrænt letur. Íslenskukennslan er skipt upp í 8 stig og er hún kennd með óhefðbundnum hætti þar sem dæmi má nefna að sérútbúin spil til þess að læra beygingarmyndir nafnorða og sagnorða eru notuð áður en sögnin er sýnd á formlegan hátt uppi á töflu. Þetta hefur virkað vel og hefur sýnt sig að nemendur læra betur að tengja þannig frá upphafi beygingarmyndir orðanna í stað þess að læra beint af töflunni. Myndir, myndbönd, hljóð og leikir er stór hluti kennslunnar auk þess sem það er lögð sterk áhersla á talþáttinn á öllum stigum námsins. Á hverju námskeiði er farið fjórum sinnum í menningarferðir þar sem staðir í Reykjavík og nærumhverfi eru skoðuð svo sem Kjarvalsstaðir, Grasagarðurinn, Alþingishúsið og Þjóðminjasafnið. Þar að auki er eldað tvisvar á hverju námskeiði og einu sinni er matartengdur dagur þar sem nemendur fara á veitingahús, kaffihús og í búðir. Þessi félagslega og menningarlega virkni námskeiðsins í takt við tungumálakennsluna hefur góð áhrif á nemendur og hjálpar þeim að aðlagast íslensku samfélagi og kynnast íslenskrri menningu. Sumarstarfsmönnum finnst mikilvægt að fólk sem kemur hingað til landsins viti af þessum menningar- og tungumálaskóla og því er mikilvægt að starfsfólk Þjónustumiðstöðvarinnar bendi fólki af erlendum uppruna á það. Þetta nám hentar ef til vill fleirum þar sem það miðast ekki eingöngu við bóknám auk þess sem menningarfræðslan er stór þáttur námsins. Gígja Svavarsdóttir (munnleg heimild, 24. júlí 2020).

Skýrsla sumarstarfsmanna í samfélagslegri nýsköpun
Dimitriv Shamkuts og Kristín Olga Gunnarsdóttir

14. ágúst 2020

Rauði krossinn

Í Rauða krossinum er unnið mikið og gott starf fyrir fólk af erlendum uppruna, þar fengum við að heyra um verkefni leiðsöguvinnur og tölum saman. Þar að auki eru opin hús hjá þeim vikulega þar sem fólk getur komið og fengið aðstoð við að leita af húsnæði, við þýðingar á mikilvægum upplýsingum, skattamál og við að fá íslykil. Sjálfboðaliðar á staðnum aðstoða fólk við flest sem kemur upp og leiðbeinir fólki hvert þau geta leitað ef þau vita ekki svörin við einhverju. Sumarstarfsmenn telja að flestir viti af Rauða krossinum og helstu þjónustunni sem þau veita en telja jafnframt mikilvægt að kynna helstu verkefni fyrir fjölskyldum sem koma að „Velkomin verkefni“. Þar sem sumir vita til dæmis ekki af íslenskuaðstöðinni, heimanámsaðstöðinni fyrir börn og hvað fer fram á opnu húsunum. Sum af þessum verkefnum sem sjálfboðaliðar sinna finnst sumarstarfsmönnum að ætti að falla undir þjónustu sem borgin veitir. Því ætti starfsmaður í Þjónustumiðstöðinni að aðstoða fólk við að ná sér í íslykil, upplýsa um skattamál, leit á húsnæði og aðstoða við þýðingar á skjölum frá hinu opinbera. Því telja sumarstarfsmenn að ráða þurfi inn starfsmann sem sér alfarið um þessa þjónustu þar sem félagsráðgjafar og aðrir starfsmenn Þjónustumiðstöðvarinnar eiga fullt í fangi með sín verkefni. Þessi aðstoð myndi tryggja jafnræði svo að fólk sem er misvel upplýst um þjónustu Rauða krossins fái einnig aðstoð við nauðsynleg mál. Þar að auki myndi það ef til vill bæta þjónustu Rauða krossins þar sem fólk gæti þá heldur komið þangað til þess að æfa sig í íslensku eða komast inn í félagslegt umhverfi og sjálfboðaliðar hefðu þá meiri tíma til þess að sinna fólkinu. Pimm Westra (munnleg heimild, 20. júlí 2020).

Leikskólinn Vinagerði

Í heimsókninni í Vinagerði fengu sumarstarfsmenn þær fréttir að þriðjungur barna í leikskólanum væru af erlendum uppruna. Eins og er þá er engin sérstök móttökuáætlun fyrir börn á leikskólaaldri þar sem „Velkomin verkefni“ miðast við grunnskólabörn. Starfsfólk leikskólans fer reglulega á fjölmenningsfundum á vegum Reykjavíkurborgar og hefur því alls kyns tækni til að styðja við fjöltyngd börn svo sem Gefðu 10 og Tungumálatorg. Leikskólastjóri og leikskólakennarar sem sátu fundinn voru sammála um það að það þyrfti að vera stuðningsþjónusta fyrir fjöltyngd börn. Það myndi efla þau og styðja þar sem þau læra íslensku eingöngu í leikskólanum. Því leggur leikskólastjórinn áherslu á það að starfsfólk sem ráðið er

Skýrsla sumarstarfsmanna í samfélagslegri nýsköpun
Dimitriv Shamkuts og Kristín Olga Gunnarsdóttir

inn á leikskólann tali íslensku. Sumir foreldrar af erlendum uppruna reyna að tala við börnin sín á íslensku heima við en það hefur sýnt sig að börnin læra þá bjagaða íslensku og því er talið betra að þau læri íslenskuna í leikskólanum. Þannig læra þau að tala íslenskuna á réttan hátt auk þess sem það styrkir sjálfsmýnd barnanna að viðhalda sínu móðurmáli. Leikskólinn heldur upp á alþjóðlegan móðurmálsdag á hverju ári og eru fáanar frá löndum allra barna ávallt uppi á vegg sem og orðið velkomin á tungumálum barnanna. Starfsfólk leikskólans segir að margir foreldrar af erlendum uppruna viti ekki hvernig það kemst inn á rafræna Reykjavík, hvernig það fær íslykil auk þess sem þau vita ekki að það sé frí tannlæknaskoðun og heilsufarseftirlit fyrir börn. Þetta eru mikilvæg atriði sem þarf að láta foreldra af erlendum uppruna vita af. Sumarstarfsmenn telja að ef það væri sér starfsmaður sem sæi um þessi mál þá kæmust upplýsingarnar líklega betur til skila. Harpa Ingvadóttir (munnleg heimild, 16. júlí 2020).

Knattspyrnufélagið Þróttur

Í heimsókninni til íþróttafélagsins Þróttar kom í ljós að mjög fáir af erlendum uppruna æfa hjá íþróttafélaginu. Þrátt fyrir að stór hluti fólks í Laugardal og nærumhverfi sé af erlendum uppruna þá virðast þeir ekki vita af starfsemi Þróttar eða jafnvel ekki af frístundastyrknum. Þá má gjarnan vísa í viðtal sem sumarstarfsmenn tóku við kvótaflóttamann sem kom til landsins 15 ára gamall og sagðist ekki hafa vitað af því að hægt væri að fá frístundastyrk. Hann hafði upplifað einsemd á sumrin og ekki vitað hvernig hægt væri að eignast vini utan skólatíma. Því er greinilegt að tengja þurfi betur starfsemina í íþróttafélagunum við skólana svo að hún nái til fleira fólks. Áður en sumarstarfsmennirnir fóru í heimsókn í Þrótt þá könnuðu þeir vefsíðu félagsins og tóku eftir því að vefsíðan er eingöngu á íslensku. Það hjálpar ekki til þegar reynt er að tengja íþróttafélagið og erlenda aðila saman. Fólk getur þar með ekki nálgast neinar upplýsingar nema það kunnir íslensku eða þá í gegnum Þjónustumiðstöðina. En þar sem fáir hafa tíma til þess að aðstoða aukalega fyrir íþróttir og tómstundir innan Þjónustumiðstöðvarinnar þá komast upplýsingarnar um þjónustuna ekki til skila. Í heimsókninni sagði íþróttastjóri Þróttar sumarstarfsmönnum frá samstarfi ÍTR við Reykjavíkurborg þar sem það er fótbolti fyrir hælisleitendur og flóttafólk 2x í viku auk hádegisverðar í ÍTR húsinu. Þetta er fólki að kostnaðarlausu en samt sem áður hafði enginn af þeim sem sumarstarfsmenn töluðu við í Þjónustumiðstöðinni heyrt af þessu. Þarna er verið að

Skýrsla sumarstarfsmanna í samfélagslegri nýsköpun
Dimitriv Shamkuts og Kristín Olga Gunnarsdóttir

vinna gott starf sem þarf að upplýsa fólk um sem gæti haft áhuga. Þórir Hákonarson (munnleg heimild, 2. júlí 2020).

Víkingur

Íþróttastjóri Víkings tók á móti sumarstarfsmönnum í viðtal og sagði þeim frá öflugum samstarfi á milli íþróttafélagsins við skólana í hverfinu og við Bústaðakirkju. Það er fólgið í því að kennarar geta haft beint samband við þjálfara og öfugt ef eineltismál koma upp eða önnur sambærileg mál sem vinna þarf úr. Þar að auki geta kennarar haft samband við þjálfara hjá Víking til að koma börnum á æfingar. Samkvæmt íþróttastjóra er hæsta hlutfall grunnskólabarna í íþróttastarfi í Fossvogsskóla og íþróttastjóri segir það vera vegna samstarfsins auk þess sem stutt er á milli bygginga og börnin þurfa ekki að ganga yfir götu á leið frá skóla í íþróttir. Í sambandi við börn af erlendum uppruna þá eru ekki mörg börn af erlendum uppruna í Fossvogsskóla og ekki heldur að æfa með Víkingi. Það eru þó fleiri skólar sem æfa hjá Víkingi en mjög fáir af erlendum uppruna æfa hjá íþróttafélaginu. Vefsíða félagsins er eingöngu á íslensku og hjálpar það ekki til við að ná til fólks af erlendum uppruna. Íþróttastjóri tjáði sumarstarfsmönnum frá því að þeir væru að taka við íþróttastöðu Fram í Álftamýrinni þar sem mjög hátt hlutfall erlendra aðila er og þá ætla þeir að framkvæma hlutina á annan hátt. Þeir ætla að setja auglýsingar á samfélagsmiðla á mörgum tungumálum til þess að reyna að ná til þeirra sem ekki tala íslensku auk þess sem það nær þá beint til krakkanna sem eru flestir á samfélagsmiðlum. Þetta lofar góðu en sumarstarfsmenn vona að það verði til þess að fleiri erlendir krakkar æfi með félaginu. Í Víkingsheimilinu eru upplýsingabæklingur frá ÍTR um frístundastyrkinn og kosti þess að æfa íþróttir á hinum ýmsu tungumálum. Það er það eina sem þeir hafa í höndunum fyrir fólk af erlendum uppruna. Eftir heimsókn sumarstarfsmannanna þá deildu þeir með íþróttastjóra nánari upplýsingum um frístundastyrkinn og skráningu í íþróttir á fleiri tungumálum sem finna má á vef Reykjavíkurborgar. Bæta þarf aðgengi erlends fólks að skipulögðu íþróttastarfi í Reykjavík og það væri tilvalið verkefni fyrir starfsmann sem væri ráðinn sérstaklega inn að fylgja börnum á fyrstu æfinguna sína og kynna fyrir foreldrum fyrir auka kostnaði hvað varðar búnað og æfinga- eða keppnisferðalög og um notkun frístundastyrksins. Fannar Helgi Rúnarsson (munnleg heimild, 4. ágúst 2020).

Skýrsla sumarstarfsmanna í samfélagslegri nýsköpun
Dimitriv Shamkuts og Kristín Olga Gunnarsdóttir

14. ágúst 2020

Borgarbókasafn Sólheimum

Borgarbókasafnið í Sólheimum er mjög lítið og er frekar eins og lítið hverfissafn þar sem lítið er um aukalega þjónustu. Á safninu er hægt að fá aðgang að tölvu endurgjaldslaust auk þess sem hægt er að prenta út gegn vægu gjaldi. Ef fólk óskar eftir bókum á öðrum tungumálum en íslensku þá getur starfsfólk pantað þær frá öðrum söfnum. Samanborið við Borgarbókasafnið í Kringlunni þá er engin önnur þjónusta fyrir fólk af erlendum uppruna svo sem heimanámsaðstoð fyrir krakka, lestrarstund á öðrum tungumálum auk þess sem fáar bækur og kvikmyndir á öðrum tungumálum eru aðgengilegar á safninu. Það kom sumarstarfsmönnum á óvart hversu lítið er í boði á þessu safni þar sem margir í hverfinu eru af erlendum uppruna. Starfsfólk safnsins sagði fáa af erlendum uppruna koma inn á safnið nema eingöngu til þess að nota tölvu eða prenta út. Það virðist því vera að fólk viti af þeirri þjónustu en að mati sumarstarfsfólks þá þyrfti að vera meira í boði á safninu fyrir erlent fólk svo að þeir sem búa í hverfinu geti nálgast góða þjónustu nálægt heimili sínu. María Þórðardóttir (munnleg heimild, 2. júlí 2020).

Grensáskirkja

Í Grensáskirkju mæta ekki margir af erlendum uppruna en það er áhugavert þar sem margir af erlendum uppruna búa í nálægð við kirkjuna. Það gæti stafað af því að í kirkjunni eru ekki haldnar messur á öðrum tungumálum en presturinn benti okkur á að það væri gert í Laugarnes-, Háteigs- og Breiðholtskirkju. Þar eru messur á ensku þar sem túlkur kemur og túlkar yfir á farsí. Flestir sem sækja kirkjuna af þeim sem hafa erlendan bakgrunn koma frá Íran að sögn prestsins og því er þýtt yfir á farsí. Sumarstarfsmenn höfðu fyrirfram mótaðar hugmyndir um starfsemi kirkjunnar í innflytjenda og flóttafólks málum og töldu þeir að kirkjan spilaði stórt hlutverk í að aðstoða fólk sem þyrfti á því að halda. Í Grensáskirkju er ekki boðin mikil almenn aðstoð heldur er safnað 1x í mánuði fyrir einstökum málefnum, sem í sumum tilfellum renna til fjölskyldna af erlendum uppruna sem eiga í erfiðleikum. Þau eru þó með verkefni sem nefnist fjölskyldukirkja þar sem fjölskyldur mæta saman og geta átt saman stund í 2 klst þar sem boðið er upp á mat eftir samkomustund. Presturinn talaði um að þetta verkefni gæti hentað mörgum fjölskyldum af erlendum uppruna sem vantar að komast í tengsl við aðrar fjölskyldur og / eða hafa trúarlegan bakgrunn. Því vantar að tengja þessa starfsemi við fólk sem gæti haft áhuga á

Skýrsla sumarstarfsmanna í samfélagslegri nýsköpun
Dimitriv Shamkuts og Kristín Olga Gunnarsdóttir

Því svo að upplýsingarnar komist til skila. Eva Björk Valdimarsdóttir (munnleg heimild, 15. júlí 2020).

Stéttarfélagið VR

Erlendir starfsmenn innan stéttarfélags VR eru ekki nema 10,8% af öllum félagsmönnum. Innan stéttarfélagsins er ekki sérsniðin þjónusta í boði fyrir fólk af erlendum uppruna en VR hefur þó í nauðsynlegum tilvikum útvegað túlk frá Alþjóðahúsi þegar félagsmenn tala hvorki ensku né íslensku og *Google translate* dugar ekki. Á vefsíðu VR er að finna upplýsingar um réttindi starfsfólks á pólsku, litháísku, filippseysku og thaílénsku auk íslensku og ensku. Þar sem hlutfall erlendra starfsmanna innan stéttarfélagsins er lágt þá halda þeir ekki sérstaka fræðslu fyrir erlent starfsfólk. Forstöðumaður kjaramálasviðs lét sumarstarfsmenn vita af því að 33% allra kjaramála sem VR sinnir koma frá erlendum félagsmönnum. Hluti af því er vegna þess að erlendir starfsmenn sækja um atvinnuleyfi í gegnum VR. Fyrir utan atvinnuleyfin eru 24% þeirra sem sækja sér aðstoð hjá VR af erlendum uppruna. Þetta finnst forstöðumanni kjaramálasviðs jákvætt þar sem hún telur að það sé vegna þess að þau séu dugleg að sækja rétt sinn. Sumarstarfsmenn velta fyrir sér hvort þetta gæti stafað af því að réttindi erlends starfsfólks séu ekki virt og staða þeirra bág á íslenskum vinnumarkaði. Sumarstarfsmenn telja að það sé mikilvægt að VR reyni eftir fremsta megni að koma upplýsingum um réttindi, starfsmenntasjóð, varasjóð, orlof og kjaramál til skila til erlends starfsfólks. Vefsíða VR er aðgengileg á íslensku og ensku en gott væri ef hún væri einnig á pólsku þar sem flestir innflytjendur á Íslandi eru frá Póllandi. Sumarstarfsmönnum finnst að starfsfólk VR ætti að halda kynningu á þeim starfsvettvangi þar sem erlent starfsfólk er að finna en að öðru leyti er mikið og gott starf unnið á vegum VR. Bryndís Guðnadóttir (munnleg heimild, 30. júlí 2020).

Þróun á hjálpargögnum

Snemma í ferli upplýsingasöfnunar og hugmyndavinnu kom upp sú tillaga að búa til stafrænt kort af Laugardal og Háaleiti þar sem væri búið að merkja inn alla helstu punkta sem gætu nýst fólki í daglegu lífi, svo sem leik- og grunnskóla, banka, heilsugæslu, matvöruverslanir, afþreyingu, tómstundir, leikvelli og grenndargáma. Með hverjum punkti var svo látin fylgja mynd og nytsamlegar upplýsingar eins og opnunartími, heimilisfang og vefslóð.

Skýrsla sumarstarfsmanna í samfélagslegri nýsköpun
Dimitriv Shamkuts og Kristín Olga Gunnarsdóttir

14. ágúst 2020

Upplýsingarnar voru einnig gerðar aðgengilegar á ensku, pólsku, spænsku og arabísku samhliða íslenskunni. Markmið kortsins er að gera innflytjendum, flóttafólki og öðrum nýjum íbúum í Laugardal og Háaleiti auðveldara fyrir að átta sig á því hvað hverfið hefur uppá að bjóða. Sumarstarfsmenn hafa orðið varir við það að nýjir íbúar í hverfinu hafa oftast en ekki litla hugmynd um hvað gengur á í nærumhverfi þeirra. Kortið er aðgengilegt í gegnum eftirfarandi slóðir:

- Laugardalur: <http://click2map.com/v2/laugardalur/rvk>
- Háaleiti og Bústaðir: <http://click2map.com/v2/haaleitibustadir/rvk>

Út frá kortinu var svo gerður einfaldur bæklingur á íslensku með enskum og pólskum þýðingum sem hægt væri að afhenda einstaklingum sem koma í Þjónustumiðstöðina, skyldu þeir kjósa frekar að eiga kortið í pappírformi. Hugmyndin á bakvið bæklinginn er að koma til móts við þann hóp af fólki sem er ekki tæknilæs og / eða hefur ekki snjalltæki til umráða. Einnig var lagt mikið uppúr því að bæði kortið og bæklingurinn séu myndræn, aðgengileg og innihéldu ekki of mikinn texta í ljósi þess að sífellt fleiri innflytjendur og flóttamenn sem flytjast til Íslands skilja hvorki íslensku né ensku.

Eftir heimsókn í Borgarbókasafnið Kringlunni var ákveðið að útbúa einfalt kynningarblað um þá þjónustu sem Borgarbókasafnið býður innflytjendum og flóttafólki uppá. Í blaðinu er meðal annars fjallað um tölvu- og prentaðstöðu bókasafnsins, heimanámsaðstoð fyrir krakka af erlendum uppruna, sögustundir á erlendum tungumálum og ásamt nokkrum verkefnum sem fara fram í Grófinni og eru sérsniðin fyrir innflytjendur og flóttafólk. Markmið blaðsins er að kynna þjónustuna sem Borgarbókasafnið býður innflytjendum og flóttafólki uppá og var blaðið alls þýtt á 12 tungumál, eða arabísku, spænsku, litháísku, pólsku, ensku, tælensku, filippeysku (tagalog), lettnesku, víetnömsku, arabísku, farsí (persísku) og kúrdísku (sorani) samhliða íslenskunni. Þjónusta borgarbókasafnsins þykir sérstaklega mikilvæg í ljósi þess að hún er nánast að öllu leyti endurgjaldslaus og úrval verkefna töluvert fjölbreyttara en finnst almennt annars staðar.

Í mörgum af þeim heimsóknum sem farið var í komu í ljós flott verkefni á vegum félagasamtaka sem áttu öll það sameiginlegt að hafa farið framhjá fólki vegna samskiptaleysis. Til dæmis jafningjafraeðsla á vegum samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi eða Stígur

Skýrsla sumarstarfsmanna í samfélagslegri nýsköpun
Dimitriv Shamkuts og Kristín Olga Gunnarsdóttir

og Tröð, unglingsmiðjur fyrir félagslega einangruð ungmenni, sem eru bæði vel unnin verkefni og hafa því miður farið framhjá mörgu fólki. Því var ákveðið að útbúa einfalt kynningablað með nokkrum af efnilegustu smáverkefnum sem sumarstarfsmenn höfðu orðið uppvísir um. Blaðinu var svo komið áleiðis til félagsráðgjafa sem gæti þá kynnt verkefni fyrir skjólstæðingum sínum eftir þörf. Þó að blaðið gæti reynst sniðug skammtímalausn er engin vafi á því að það þurfi að halda betur utan um þessi verkefni til framtíðar, til dæmis með því að útbúa upplýsingabanka sem myndi innihalda öll starfandi verkefni til að tryggja að innflytjendur og flóttafólk eigi auðvelt með að nálgast þau.

Á meðan á viðtali við kvótaflóttamann stóð kom í ljós að hann hafði afar takmarkaða vitneskju um frístundastarf Reykjavíkurborgar, þrátt fyrir að hafa verið 16 ára gamall þegar hann fluttist til Íslands. Kvótaflóttamaðurinn benti á að honum hefði þótt nytsamlegt að fá eyðublað með lista yfir frístundamöguleika þar sem hann hefði getað merkt inn hvers konar frístundir honum þóttu áhugaverðar og þá hefði félagsráðgjafi / frístundaráðgjafi / námsráðgjafi getað farið yfir blaðið og vísað honum á þær frístundir sem falla sem best inni áhugasvið hans. Því var ákveðið að útbúa slíkt blað, þar sem kæmi fram stutt kynning á frístundastarfi Reykjavíkurborgar ásamt lista yfir allar þær frístundir sem eru í boði fyrir börn í Laugardals- og Háaleitishverfi. Hugmyndin er að fjölskyldur myndu svo fá að taka blaðið með sér heim til þess að fara yfir frístundaúrvalið og velja úr. Eftir það myndi starfsmaður frístundasviðs vinna úr blaðinu og gefa vísun á þá frístundamöguleika sem henta barninu best miðað við áhugasvið, aldur, búsetu o.fl. Styrkleiki þessarar aðferðar felst annars vegar í því að kynna það fjölbreytta frístundastarf sem finnst í Laugardal og Háaleiti fyrir fjölskyldum á einfaldan og aðgengilegan hátt og hinsvegar í því að auðvelda börnum og unglungum aðgang að tómsundum með því að eiga frumkvæðið að frístundarþáttöku. Í mörgum löndum er lítið um frístund og tómsundir utan skóla og því er ólíklegt að foreldrar frá þeim löndum taki frumkvæðið og skrái börnin sín í frístund eða tómsundir án þess að fá greinargóða kynningu.

Niðurstöður og tillögur að áframhaldi

Þegar horft er yfir öll viðtölin sem voru tekin og heimsóknirnar sem voru farnar kemur í ljós að í Laugardal og Háaleiti er að finna gríðarlega mikið af fjölbreyttum úrræðum fyrir bæði innflytjendur og flóttafólk. Hinsvegar hefur stærsta vandamálið verið slakt upplýsingaflæði sem veldur því að bæði starfsmenn Reykjavíkurborgar og nýjir íbúar Laugardals og Háaleitis hafa takmarkaða vitneskju um alla valkostina sem standa þeim til boða. Til að mynda eru bæði Þróttur og Víkingur með afar fáa iðkendur af erlendum uppruna þrátt fyrir að vera tvö af stærstu íþróttafélögum í hverfunum þar sem er talsvert um innflytjendur og flóttafólk. Þessi staðreynd bendir til þess að ekki hefur verið beitt sér nægilega fyrir því að virkja börn innflytjenda og flóttafólks í tómstuna- og frístundastarfi. Í skýrslunni um niðurstöður fjölmenningsráðs 2018 á vegum Reykjavíkurborgar kom einnig fram að margir aðilar væru oft að vinna að sama málefni á án þess þó að vita af hvor öðrum og að fólk af erlendum uppruna vissi ekki hvar það ætti að sækja sér ákveðna þjónustu og hver sæi um hana (Reykjavíkurborg, 2018: 7). **Því leggja sumarstarfsmenn sterklega til að þjónustumiðstöðvar, stéttarfélög, íþróttafélög, heilsugæslur, grunn- og leikskólar og aðrar viðeigandi stofnanir beiti sér fyrir því að auka og bæta samskipti sín á milli.**

Þá er einnig yfirleitt mikill vilji innan stofnana til þess að taka vel á móti innflytjendum og flóttafólki en hefur tekist misvel vegna skorts á greinagóðu móttökuferli og / eða stefnu. Hjá flestum stofnunum sem heimsóttar voru virðist ráðandi stefna ennþá byggjast á því að „bjarga“ málunum þegar þau koma upp. Til að mynda leggja starfsmenn í leikskólanum Vinagerði gríðarlega mikið uppúr því að aðlaga börn með annað móðurmál en íslensku og kenna þeim málið en viðurkenna þó að það getur verið erfitt vegna skorts á heildrænni móttökuáætlun, fjármagni og þeirrar miklu aukningu krakka með annað móðurmál en íslensku sem hefur átt sér stað undanfarin ár. **Þessi nálgun gæti hafa reynst vel í gegnum tíðina en í ljósi þess að fjöldi innflytjenda og flóttafólks sem er búsett í Reykjavík hefur rúmlega tvöfaldast á síðustu tíu árum telja sumarstarfsmenn tímabært að innleiða ítarlega móttökuáætlun og / eða stefnu (Hagstofa Íslands, 2020). Slík móttökuáætlun er til fyrir börn á grunnskólaaldri en til þess að tryggja öllum farsæla aðlögun að íslensku samfélagi þyrfti að vera til skýr áætlun og stefna fyrir fólk án barna eða með börn á öðrum aldri en grunnskólaaldri.**

Skýrsla sumarstarfsmanna í samfélagslegri nýsköpun
Dimitriv Shamkuts og Kristín Olga Gunnarsdóttir

Snemma sumars kom upp sú hugmynd á sameiginlegum samráðsfundi allra sumarstarfsmanna í samfélagslegri nýsköpun á vegum Reykjavíkurborgar að útbúa smáforrit þar sem hægt væri að nálgast kort með öllum mikilvægustu viðkomustöðum fólks í daglegu lífi, ásamt greinargóðum upplýsingum um hvern og einn stað, í svipuðum anda og stafrænu hverfiskortin fyrir Laugardal og Háaleiti. Sömuleiðis væri hægt að nýta smáforritið í að koma mikilvægum upplýsingum áleiðis til borgarbúa, til dæmis um vegaframkvæmdir og viðburði. Smáforritið gæti verið þýtt yfir á mörg tungumál og myndi eflaust nýtast öllum borgarbúum gríðarlega vel, hvort sem um er að ræða nýja íbúa eða infædda Reykvíkinga. Sambærileg smáforrit hafa þegar verið þróuð fyrir Lúxemborg og hollenska bæinn Oosterhout, þó vert sé að taka fram að engar skýrslur um viðtökur smáforritana hafi fundist við gerð þessarar skýrslu (Proef Oosterhout, e.d.) (Ville de Luxembourg, e.d.). Þá er sú vinna sem hefur verið unnin í uppsetningu á stafræna kortinu fyrir Laugardal og Háaleiti einnig kjörinn stökkpallur fyrir frekari framkvæmdir í þessum málum þar sem kortið inniheldur mikið magn af viðkomustöðum og upplýsingum en mun þarfnast viðhalds til lengri tíma og þyrfti einnig að vera yfirfært á notendavænni forrit. **Því leggja sumarstarfsmenn til að Reykjavíkurborg tryggi viðhald á þeim stafrænu kortum sem þegar hafa verið útbúin og hefji vinnu á heildrænu smáforriti fyrir íbúa Reykjavíkurborgar.**

Einnig er vert að undirstrika mikilvægi þess að starfsmaður frístundasviðs fylgi börnum innflytjenda og flóttafólks á fyrstu æfingar þar sem það eykur öryggisfinningu bæði foreldra og barna ásamt því að gera börnum auðveldara fyrir að sækja frístundir. Þessari aðferð hefur verið beitt óformlega í félagsmiðstöðinni Tónabæ og þá hefur sumarstarfsmaður á vegum þjónustumiðstöðvar Miðborgar, Hlíða og Vesturbæjar unnið alfarið að því að virkja og fylgja krökkum í frístundar- og tómsundarstarf. Á báðum stöðum virðist verkefnið skila margfalt meiri þáttöku í tómsundastarfi á meðal barna innflytjenda og flóttafólks. **Því leggja sumarstarfsmenn til að Reykjavíkurborg beiti sér fyrir því að hvert og eitt barn muni í framtíðinni geta nýtt sér slíka þjónustu. Það styður við jafnræðisgrundvöll íbúa í borginni.**

Sumarstarfsmenn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis hafa því tekið eftir því að um er að ræða mjög mikla og góða þjónustu víðs vegar í hverfinu sem þyrfti að tengja betur við notendur hennar. Því væri best í nákominni framtíð ef það væri starfsmaður sem sæi alfarið

Skýrsla sumarstarfsmanna í samfélagslegri nýsköpun
Dimitriv Shamkuts og Kristín Olga Gunnarsdóttir

um að kynna innflytjendur og flóttafólk fyrir þeirri þjónustu sem þau geta nýtt sér. Núna fellur það undir starfssvið félagsráðgjafa innan Þjónustumiðstöðvarinnar en vegna álags og vöntunar á félagsráðgjöfum sem snúa að innflytjendum og flóttafólki þurfa þeir að forgangsraða verkefnum sínum og ná þar með ekki að sinna kynningarstarfi á þjónustu hverfisins þar að auki. **Því yrði að vera skýr stefna um þá kynningu sem innflytjendur og flóttafólk fær til þess að byggt verði á jafnræðislögum og uppýsingarnar fari ekki eftir tíma eða skapi hvers félagsráðgjafa.**

Háskólanemarnir Dimitriv Shamkuts og Kristín Olga Gunnarsdóttir unnu að þessu sumarverkefni og skrifuðu þessa skýrslu undir leiðsögn Unu Bjargar Bjarnadóttur og Helgu Margrétar Guðmundsdóttur.

Heimildaskrá

Hagstofa Íslands. (2020). *Innflytjendur eftir kyni og sveitarfélagi 1. janúar 1996-2019*. Sótt af:

https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar_mannfjoldi_3_bakgrunnur_Uppruni/MAN43005.px/table/tableViewLayout1/?rxid=0aec0f20-89a1-4ab0-89c9-37572d00837e

Proef Oosterhout. (e.d.) *Oosterhout City App*. Sótt af:

<https://www.proefoosterhout.nl/over/oosterhout-city-app>

Reykjavíkurborg. (2018). *Skýrsla um niðurstöður fjölmenningsþings 2018*. Sótt af:

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/skyrsla_um_nidurstodur_fjoldemningarthings_2018.pdf

Ville de Luxembourg. (e.d.) *Cityapp*. Sótt af: <https://www.vdl.lu/en/city/projects-and-commitments/smart-city/cityapp>